

Kvenfélagið Hjálpin, Saurbæjarhreppi /Hjúkrunarfélagið Hjálpin í Saurbæjarhreppi.

2022/42

Hjúkrunarfélagið Hjálpin í Saurbæjarhreppi var stofnað sunnudaginn 25. október árið 1914. Á fundinn mættu 66 konur og stóðu 59 þeirra að stofnun félagsins. Fyrstu stjórn félagsins skipuðu:

Sigurlína Sigtryggsdóttir, Æsustöðum, formaður.

Guðrún Jónasdóttir, Möðruvöllum, ritari

Guðlaug Jónasdóttir, Núpufelli, féhirðir.

Takmark hjúkrunarfélagsins var samkvæmt 3.gr. laga þess að „...annast um að sjúklingar á félagssvæðinu, sem ekki eru þegar lagðir á sjúkrahús, geti fengið nauðsynlega hjúkrun og aðhlynning lærdrar hjúkrunarkonu, þegar eigi er unnt að veita þeim jafngóða hjúkrun af heimilum þeirra.“

Fyrstu lög félagsins voru samþykkt á fundi sem var haldinn 3. maí árið 1915. Á þeim fundi var einnig samþykkt tillaga þess efnis að félagið tæki ekki til starfa fyrr en það ætti 250 kr. í sjóði, í framhaldinu var ákveðið að halda hlutaveltu og standa að skemmtisamkomu til að afla ágóða fyrir félagið.

Framan af var aðstoð við sjúka og fátæka meginviðfangsefni félagsins en með bættum efnahag hreppsþúa og öflugra heilbrigðiskerfi urðu viðfangsefnin fjölbreyttari og var hjúkrunarkona á kaupi hjá félaginu í síðasta sinn árið 1941-1942.

Árin 1960-1961 var kvenfélagið með stúlku á sínum vegum sem sinnti heimilishjálpi á félagssvæðinu. Aftur kom til umræðu að hafa slíka stúlku á þeirra vegum árið 1981 því víða væri þörf en ekkert varð af þeim fyrirætlunum.

Í gegnum tíðina hefur kvenfélagið gert margt og mikið og haldið heimilisiðnaðarsýningar, sett upp leiksýningar, haldið garðyrkjunámskeið, skemmtisamkomur, árshátíðir, þorablót, sinnt skógrækt, staðið að byggingu samkomuhúss, rekið minningarsjóð og þá er ekki allt upptalið.

Í nýjustu lögum kvenfélagsins frá 2007, 2. gr. stendur að tilgangur félagsins sé að „...styrkja hvers konar mannúðar- og líknarmál og vinna að þeim framfaramálum er þurfa þykir hverju sinni.“

Hjálpin er enn starfandi í dag og er á sínu 109 starfsári.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

3. maí 2023

Katrín Björg Þórisdóttir

Skjalavörður

Geymsluskrá

Skjalaf. Askja Örk Tímabil Efni

2022 / 42

A-Kvenfélagið Hjálpin

A-Kvenfélagið Hjálpin

1914 - 2020

A	1	1	1928 - 1987	Gjörðabók.
A	1	2	1988 - 2009	Gjörðabók
A	1	3	1984 - 1988	Félagatal 1984; Fundargjörðir fyrir þrjá fundi, tveir haldnir 1986, einn haldinn 1988.
A	1	4	1964 - 1996	Meðlimaskrá.
A	1	5	1914 - 1996	Reikningabók.
A	1	6	1978 - 1978	Söngur; vísur; frásögn.
A	1	7	1965 - 1965	Lög kvenfélagsins Hjálpin í Saurbæjarhreppi.
A	1	8	2020 - 2020	Minningar Ernu Sigurgeirsdóttur; bréf til Lilju Sverrisdóttur frá Auði Eiríksdóttur.
A	1	9	1956 - 1994	Heiðurskjal; innkomin bréf; ársskýrslur kvenfélagsins Hjálpar til héraðasambands félagsins frá árunum 1963-1990.
A	1	10	1966 - 1999	Fundargerðir aðalfunda H.S.E.K.; Innkomin bréf v. Laugalands; stök fundargerð vegna félagsheimilsins Sólgarðs; innkomin bréf, þakkarbréf, auglýsingar, styrktarbeiðnir, styrktargjafir.